

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 28. ágúst 2014.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey E. Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Inga Rún Ólafsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Launasetning forstöðuþroskaþjálfara á Fljótsdalshéraði:

Laun forstöðuþroskaþjálfara á Fljótsdalshéraði hafa ekki verið ákvörðuð í samræmi við ákvæði 1.5.3 í kjarasamningi. Misskilnings hefur gætt um að forstöðuþroskaþjálfari hafi tekið yfirvinnu vegna tilfallandi álags utan skipulags vinnutíma út í fríi.

Niðurstaða:

Hefur fengið tölvuskeyti frá félagsmálastjóra Fljótsdalshéraðs þar sem starfslýsing sem vinnuveitandi hefur lagt til grundvallar við ráðningu í starfið er skýr og fellur að starfaskilgreiningu yfirþroskaþjálfara en ekki þroskaþjálfara 2. Í samræmi við það bar að launa starfið sem yfirþroskaþjálfari frá upphafi ráðningar. Ber því að leiðrétta laun starfsmannsins frá upphafi ráðningar.

Ekki verður séð að tilefni sé til að bera við tómlæti starfsmanns enda ræðst röðun starfsins af starfslýsingu sem vinnuveitandi ber ábyrgð á.

2. Launaröðun forstöðuþroskaþjálfara á Fljótsdalshéraði:

Laun forstöðuþroskaþjálfara á Fljótsdalshéraði yfir þremur stofnunum eru að mati fulltrúa Þroskaþjálfafélagsins ekki í samræmi við álag og umfang.

Niðurstaða:

SNS mun hafa samband við félagsmálastjóra Fljótsdalshéraðs varðandi málið.

3. Launaröðun þroskaþjálfara í Hafnafirði:

Þroskaþjálfar á hæfingarstöð telja sig hafa unnið samkvæmt starfaskilgreiningu þroskaþjálfara 2 frá því þeir hófu störf á hæfingarstöðinni en ekki hefur verið launaraðað í samræmi við það.

Niðurstaða:

SNS mun kynna Hafnarfjarðarbæ erindi og fá afstöðu þeirra til þess.

4. Launaröðun ráðgjafaproskajálfa í Hafnafirði og Mosfellsbæ:

Ráðgjafaproskajálfar í Hafnafirði og í Mosfellsbæ telja starfaskilgreiningu umsjónarproskajálfa eiga við um störf sín

Niðurstaða:

SNS mun kynna Hafnarfjarðarbæ erindi og fá afstöðu þeirra til þess.

Fleira ekki gert